

17/2012



Rangárþing ytra
Ágúst Sigurðsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Efni: Beiðni frá Skógræktarfélagi Rangæinga

Árþing Skógræktarfélags Íslands eru haldin ár hvert og kemur það í hlutverk skógræktarfélaga víðs vegar um landið að halda utan um og skipuleggja viðburðinn í samráði við fulltrúa Skógræktarfélags Íslands hverju sinni.

Í byrjun september á næsta ári, 2018, kemur það í hlut Skógræktarfélags Rangæinga að taka við keflinu. Búið er að gera ráð fyrir að staðsetning árþings Skógræktarfélags Íslands 2018 verði á Hótel Stracta á Hellu. Reiknað er með að allt að 200 manns sæki hátíðina til okkar.

Til að unnt verði að halda slíkan viðburð þarf gott skipulag og allir þurfa að leggjast á eitt til að gera viðburðinn eftirminnilegan þeim sem hann sækja. Gert er ráð fyrir að gestum verði sýnt nærumhverfið og skipulagðar móttökur hinna ýmsu stofnana sem tengjast starfsemi Skógræktarfélagsins.

Að gefnu tilefni fylgir slíkum viðburði mikill kostnaður og vill stjórn Skógræktarfélags Rangæinga því biðla til Rangárþings ytra að styrkja félagið um 300.000 krónur, þrjú hundruð þúsund krónur, til að standa strauð af kostnaði.

Ekki þarf að fjölyrða um samfélagslegan ávinning af svona viðburði og er það ósk stjórnar Skógræktarfélags Rangæinga að vel verði tekið í þessa beiðni.

Með fyrirfram þökk og vinsemd,

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Rangæinga,
Jón Ragnar Örlygsson, formaður.

